

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 288/2015**

2017/EES/38/56

frá 30. október 2015

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1163 frá 15. júlí 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar skrána yfir grunnliðina sem notaðir eru í tengslum við jafnvirðisgengi <sup>(1)</sup>.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 19y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 R 1163:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1163 frá 15. júlí 2015 (Stjtúð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 6).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1163, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtúð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 6.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.